

Stjórnarfundur GHG 19. febrúar 2014 kl. 17:15

Mættir voru: Össur, Þorsteinn, Sigrún, Ásta, Auðunn, Morten í forföllum Alfreðs, Páll, Sveinbjörn og Kristinn framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Samningur Ícelandair og GHG kynntur. Samningurinn er til tveggja ára.
3. Fundur með stjórnendum Sveitarfélagsins Ölfuss kynntur. Auðunn segir frá fundi sem hann, Össur og Kristinn áttu með forsvarsmönnum sveitarfélagsins fyrir skömmu. Þar kom m.a. fram að:
 - Ef til stækkunar golfvallar GHG kemur þarf að vinna það í samráði við Ölfuss m.t.t. fornminja o.fl.
 - Rætt um möguleika á samstarfi í barna- og unglingamálum.
 - Fasteignagjöld rædd. Rætt um að fá styrk á móti fasteignagjöldum. Vel tekið í það og óskað eftir formlegu erindi frá GHG.
4. Samstarfshugmyndir við Einar Lyng. Hann hefur enn hug á samstarfi við GHG þrátt fyrir að hafa ráðið sig á Akranesi. Stefnt að því að samstarfssamningur liggi fyrir í mars.
5. Nýliðamál. Hugmyndir ræddar. Auðunn biður um skilgreiningu á hugtakinu „nýliði“. Málin rædd og stjórn ræðir skilgreiningu. Stjórn leggur til að:
 - „Fyrir nýliða verði boðið upp á aflsátt af árgjöldum og góða kennslu yfir sumarið. Þessu verði fylgt eftir sumarið á eftir“.
 - Kristinn stingur upp á að hægt sé að útfæra þetta með klippikortum á völlin.
 - Lagt til að útbreiðslu- og skemmtinefnd álykti um hverji geta sótt nýliðanámskeið og fengið nýliðaafslátt.
 - Stjórn leggur til að nefndin skoði möguleikann á að bjóða kylfingum með 30 og herra í forgjöf að sækja nýliðanámskeið.
 - Máli vísað til útbreiðslu- og skemmtinefndar.
6. Vinavallasamningar. Stjórn samþykkir tilboð GOS frá því í janúar. Ef beiðnir um vinavallasamninga koma frá öðrum klúbbum tekur stjórn efnislega afstöðu til þeirra þegar og ef til þess kemur.
7. Mótamál. Mótaskrá fer á netið fljótlega. Flest mót ársins liggja fyrir.
8. Önnur mál.
 - a) Kallað eftir að starfáætlanir nefnda liggi fyrir á næsta fundi.
 - b) Stjórn stefnir að félagsfundi 5. maí n.k.
 - c) Samstarfssamningur við Hótel Selfoss í burðarliðnum.
 - d) Kristinn segir frá því að starfsmannafélag Landsvirkjunar hafi áhuga á samstarfi. Málið í skoðun ásamt mörgum öðrum.
 - e) Rekstarmál. Kallað eftir fleiri hugmyndum að sviðsmyndum. Málin rædd.
 - f) Auðunn segir að hann sé að móta hvernig unnið verði úr athugasemdum Gunnars Marels um rekstur klúbbsins.
 - g) Þorrablót lukkaðist vel, þótt fleiri hefðu mátt mæta.
 - h) HSK þing fer fram 8. mars. Kristinn fer ásamt einum úr stjórn.
 - i) Vallanefnd hefur sent ýmsar tillögur. Þær ræddar.

- j) Sigrún ræðir kvennastarfið. Hún kallar eftir ákvörðun frá stjórn um hvort kvennastarfið geti notað hluta af styrk frá Nóa/Síríus til tekjuöflunar fyrir kvennastarfið. Stjórn samþykkir að kvennastarfið fá 20.000 kr. úttekt af styrk frá Nóa/Síríus.
- k) Morten leggur fram erindi. Hann segir frá samstarfi við arkitekt sem hann hefur komið á varðandi teikningar á golfskála. Teikningar af golfskála lagðar fljótlega fyrir húsnefnd.
- l) Næsti fundur verður þriðjudaginn 18. mars kl. 17:15.

Fundi slitið kl 19:07